

Stjórnarfundur fimmtudaginn 2. maí 2013 haldinn í Búgarði kl. 20:00.

Mætt eru: Óskar, Einar, Þorgerður, Edda Kamilla, Þorsteinn

Boðuð forföll: Guðrún, Sigurður, Svanbjört, Kristlaug

1. Fundur settur
Óskar setti fund nr. 722 kl. 20:08
2. Fundargerð síðasta fundar.
Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.
3. Innsend bréf.
 - a. 10.04.2013. ÍSÍ - Hjólað í vinnuna
Lagt fram til kynningar.
 - b. 19.04.2013. UMFÍ, Ungmennaráð
Óskað eftir fulltrúum á aldrinum 15-30 ára til að taka sæti í ungmennaráði UMFÍ.
Þorsteini falið að afla frekari upplýsinga um hvað felist í starfi ungmennaráðs. Frestað til næsta fundar.
 - c. 22.04.2013. UMFÍ - Fjölskyldan á fjallið
Óskað eftir því að UMSE tilnefni fjall í verkefnið Fjölskyldan á fjallið. Þorsteinn búinn að vera í tölvupóstsamskiptum við verkefnisstjóra verkefnisins vegna þessa. Ekki hefur náðst að sækja bókina upp á Böggvisstaðafjall frá því síðasta sumar. Gert ráð fyrir að bókin verði sótt við fyrsta tækifæri og að taka kassann niður í haust.
 - d. 22.04.2013. UMFÍ - Vorfundur UMFÍ, síðara fundarboð og dagskrá.
Fundarboð á vofund UMFÍ á Húsavík 11. maí. Óskar og Kristlaug ætla að óbreyttu að sækja fundinn fyrir hönd UMSE.
 - e. 22.04.2013. STÍ – Fundarboð á Skotþing
Lagt fram til kynningar. UMSE á ekki rétt á að senda fulltrúa á þingið.
 - f. 24.04.2013. ÍF - Kippum í spotta fyrir einstakt íþróttafólk
Fjáröflun fyrir íþróttafélag fatlaðra. Lagt fram til kynningar.
 - g. 29.04.2013. ÍSÍ - Skattur íþróttafélaga bréf frá RSK
RSK mun á næstunni kanna hvort íþróttafélög greiði þjálfurum og/eða leikmönnum verktakagreiðslur eða séu með þjálfara/leikmenn á launum. Að mati RSK eiga verktakagreiðslur að heyra til undantekninga og þjálfarar og leikmenn eiga alla jafna að vera launamenn hjá viðkomandi félagi. RSK metur það sem svo að íþróttafélögin séu ábyrg fyrir því að innheimt séu staðgreiðsla og tryggingagjald af greiðslum til þjálfara og leikmanna. Lagt fram til kynningar.
 - h. 30.04.2013. UMFÍ - Landsmót UMFÍ á Selfossi 2013
Kynning á mótinu sem fram fer á Selfossi í júlí næstkomandi; hvaða greinar verða í boði, hverjir verða sérgreinastjórar og svo framvegis.

4. Styrkumsóknir.

- a. Hestamannafélagið Hringur vegna Æskan og hesturinn, sem fram fer á Sauðárkróki í maí. Sótt um styrki fyrir u.þ.b. 25 börn og og unglinga til að taka þátt í sýningunni. Samþykkt að styrkja hvern og einn umsækjanda um 15.000 kr.
- b. Golfklúbburinn Hamar vegna æfingaferðar Sigurðar Ingva Rögnvaldssonar og Arnórs Snæs Guðmundssonar. Samþykkt að styrkja hvorn umsækjanda um 15.000 kr.
- c. Rætt um að flytja almennar styrkveitingar UMSE inn í sjóð sem stofnaður verður utan um jólapakkaleik Landflutninga Samskipa.

5. Nefndaskipan

Framkvæmdastjóri sendi út póst á aðildarfélögin 13. apríl þar sem beðið var um tilnefningar í nefndir UMSE. Svör hafa borist frá þremur aðildarfélögum.

- a. Tillögur Umf. Samherja
- b. Tillaga Sundfélagsins
- c. Tillögur Umf. Smárans

Landsmótsnefnd og unglingslandsmótsnefnd skipaðar.

Unglingslandsmótsnefnd: Davíð Jónsson (Smáranum), Þorsteinn Marinósson (Umf. Reyni), Óskar Þór Vilhjálmsson (Umf. Þorsteini Svörfuði), Marinó Þorsteinsson (Umf. Reyni)

Landsmótsnefnd: Davíð Jónsson (Smáranum), Þorsteinn Marinósson (Umf. Reyni), Einar Hafliðson (Umf. Þorsteini Svörfuði), Marinó Þorsteinsson (Umf. Reyni), Jóhanna Gunnlaugsdóttir (Umf. Þorsteini Svörfuði)

Nefndarskipan annarra nefnda frestað til næsta fundar.

6. Umsókn um Landsmót UMFÍ 50+

- a. Bókun af fundi íþrótt- og æskulýðsráðs Dalvíkurbyggðar
4. 201302028 - Landsmót UMFÍ 50 2015. Auglýst eftir umsóknum
Á 44 fundi íþrótt- og æskulýðsráðs var eftirfarandi bókað.

”Rætt var um kosti og galla þess að halda Landsmót 50+ árið 2015. Íþrótt- og æskulýðsráð samþykkir að sækja ekki um að þessi sinni.”

Sveitarstjórn óskaði eftir því að ráðið myndi endurskoða ákvörðun sína. Frekari umræður áttu sér stað en ónákvæmni gætti í síðustu bókun þar sem sveitarfélög eru ekki umsóknaraðili heldur héraðssambönd. Því óskar íþrótt- og æskulýðsráð eftir því að

stjórn UMSE taki málið til umfjöllunar og taki afstöðu hvort það sé tímabært að sækja um að nýju vegna Landsmóts UMFÍ 50+ árið 2015 enda UMSE formlegur umsóknaraðili. Stjórn UMSE hyggst ekki sækja um að svo stöddu að halda Landsmót UMFÍ 50+.

7. Felix - skil. Níu félög af tólf hafa skilað inn starfsskýrslu á Felix. Verið að ýta á þau félög sem eiga eftir að skila.
8. Stefnumótun
 - a. Vinnureglur stjórnar.
Kynnt fyrir stjórn drög að vinnureglum UMSE sem tengjast stjórnarfundum UMSE og fundardagskrá. Rætt um að gott sé að hafa skýran ramma um fundarfyrirkomulag og fundardagskrá til hagræðingar fyrir stjórn og framkvæmdastjóra.
 - b. Dagskrá fyrir starfsárið.
Drög að dagskrá stjórnar lögð fram til kynningar, eins konar dagatal fyrir árið þar sem fram koma mikilvægar dagsetningar og fastir punktar í starfseminni. Áfram verður unnið að gerð þessara dagskrárdraga.
 - c. Staða mála.
Þorsteinn fór yfir stefnumótunarvinnu með formanni UMSB, sem fór í slíka vinnu í samstarfi við sveitarfélagið. Stjórn UMSE hvött til að kynna sér niðurstöður stefnumótunarvinnu UMSB, sem er aðgengileg á heimasíðu UMSB. Stefnumótunarvinna UMSE er hafin.
9. Fundargerð formannafundar. Frestað til næsta fundar.
10. Þinggerð. Frestað til næsta fundar.
11. Önnur mál.
 - a. Blakfélagið Rimar - möguleg umsókn um aðild. Óskuðu eftir leiðbeiningum vegna laga. Framkvæmdastjóri hefur sent félaginu leiðbeiningar vegna laga.
 - b. Blómasala fyrirhuguð um Hvítasunnuna. Vendirnir verða pantaðir snemma í næstu viku. Framkvæmdastjóri sér um málið.
12. Tilhögun næsta fundar. Næsti fundur fyrirhugaður fimmtudagskvöldið 23. maí. Þorsteinn sér um veitingar.
13. Fundarslit. Óskar sleit fundi kl. 23:08.

Einar Hafliðason, staðgengill ritara

Óskar Þór Vilhjálmsson, formaður